

VIÐEIGANDI ENDANLEGIR SKILMÁLAR

25.11.2024

ÚTGERÐARFÉLAG REYKJAVÍKUR HF.

LEI kóði 254900XZCGX2KU3LR016

Útgáfa á ISK 520.000.000 víxla

í samræmi við ISK 15.000.000.000 útgáfuramma

Hluti A – Samningsskilmálar

Hugtök sem hér eru notuð skal túlka eins og þau sem skilgreind eru í skilmálum skuldaskjala og fram koma í grunnlýsingu dagsettri 5. september 2024 og viðaukum sem kunna að hafa verið gefnir út við hana. Skjal þetta inniheldur endanlega skilmála skuldaskjala sem lýst er hér, í samræmi 2. tl. 8. gr. reglugerð (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 og eru endanlegir skilmálar samdir í samræmi við ákvæði þeirrar reglugerðar og framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980 frá 14. mars 2019. Lesa skal endanlegu skilmálana í samhengi við grunnlýsinguna dags. 5. september 2024 og viðauka sem kunna að hafa verið gerðir við hana, sem saman mynda grunnlýsingu í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/1129. Heildstæðar upplýsingar um útgefandann og útgáfu skuldaskjala fást ekki nema með því að lesa saman grunnlýsinguna, viðauka sem kunna að hafa verið gerðir við hana og þessa endanlegu skilmála. Grunnlýsingin og viðaukar sem kunna að hafa verið gerðir við hana eru birtir á vefsíðu útgefanda, <https://www.urseafood.is/is/skuldbrefafjarmognun/>.

1. **Útgefandi:** Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.
2.
 - i. Flokkur númer: 10
 - ii. Útgáfuhluti númer: 2
3. **Mynt:** ISK
4. **Uppsafnað nafnverð:**
 - i. Flokkur: 1.340.000.000
 - ii. Útgáfuhluti: 520.000.000
5. **Útgáfuverð:** 0,977756% af heildarnafnverði
6. **Nafnverðseiningar:** 20.000.000
7.
 - i. Útgáfudagur: 2.12.2024
 - ii. Fyrsti vaxtadagur: Á ekki við

- | | | |
|-----|---|---|
| 8. | Lokagjalddagi: | 1.3.2025 |
| 9. | Tegund vaxta: | Á ekki við |
| 10. | Greiðslufyrirkomulag: | Ein greiðsla víxilfjárhæðar á lokagjalddaga |
| 11. | Uppgreiðsla að vali útgefanda og kaup á skuldaskjölum: | Á við
<i>(Ef merkt er við „á við“ eru nánari upplýsingar veittar í töluliðum 24 og 25)</i> |
| 12. | Forgangsröðun skuldaskjala: | Óveðtryggð skuldaskjöl |
| 13. | Heimild fyrir útgáfunni: | Stjórn útgefanda veitti heimild fyrir útgáfurammanum á fundi sínum:

4. júní 2023 |
| 14. | Greiðsluaðili: | <i>T Plús hf., kt. 531009-1180, Skipagötu 9, 600 Akureyri er greiðsluaðili vegna skuldaskjalanna.</i> |
| 15. | Verðbréfamiðstöð | Skuldaskjölín eru gefin út rafrænt hjá Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Ísland. |

ÁKVÆÐI SEM EIGA VIÐ UM VERÐTRYGGÐ JAFNGREIÐSLUBRÉF (ANNUITY)

- | | | |
|-----|-------------------------------------|------------|
| 16. | Verðtryggð jafngreiðslubréf: | Á ekki við |
|-----|-------------------------------------|------------|

ÁKVÆÐI SEM EIGA VIÐ UM ÓVERÐTRYGGÐ JAFNGREIÐSLUBRÉF (ANNUITY)

- | | | |
|-----|--------------------------------------|------------|
| 17. | Óverðtryggð jafngreiðslubréf: | Á ekki við |
|-----|--------------------------------------|------------|

ÁKVÆÐI SEM EIGA VIÐ UM VERÐTRYGGÐ SKULDABRÉF MEÐ JÖFNUM AFBORGUNUM HÖFUÐSTÓLS, ÞAR Á MEÐAL SKULDABRÉF MEÐ EINNI GREIÐSLU HÖFUÐSTÓLS Á LOKAGJALDDAGA

- | | | |
|-----|--|------------|
| 18. | Verðtryggð skuldabréf með jöfnum afborgunum höfuðstóls: | Á ekki við |
|-----|--|------------|

ÁKVÆÐI SEM EIGA VIÐ UM ÓVERÐTRYGGÐ SKULDABRÉF MEÐ JÖFNUM AFBORGUNUM HÖFUÐSTÓLS, ÞAR Á MEÐAL SKULDABRÉF MEÐ EINNI GREIÐSLU HÖFUÐSTÓLS Á LOKAGJALDDAGA

- | | | |
|-----|---|------------|
| 19. | Óverðtryggð skuldabréf með jöfnum afborgunum höfuðstóls: | Á ekki við |
|-----|---|------------|

ÁKVÆÐI SEM EIGA VIÐ UM SKULDABRÉF MEÐ ÓREGLULEGU ENDURGREIÐSLUFERLI

20. **Skuldabréf með óreglulegu endurgreiðsluferli:** Á ekki við

ÁKVÆÐI SEM GILDA UM VAXTAGREIÐSLUR (EF EINHVERJAR ERU)

21. **Fastir vextir:** Á ekki við
22. **Breytilegir vextir:** Á ekki við
23. **Víxlar:** Á við
- i. **Afföll:** 2,2244 prósent á ári sem jafngildir 9,00 prósent einföldum vöxtum
- ii. **Viðmiðunarverð:** 97,7756
- iii. **Dagaregla:** Actual/360
- iv. **Önnur aðferð við ákvörðun á greiðslufjárhæð:** Á ekki við
- 23.a **Álag á vexti:** Á ekki við

ÁKVÆÐI VARÐANDI UPPGREIÐSLU AÐ VALI ÚTGEFANDA OG KAUP Á SKULDASKJÖLUM

24. **Uppgreiðsla/umframgreiðsla heimil að vali útgefanda (kaupréttur útgefanda):** Á ekki við
25. **Kaup á skuldaskjölum** Á við

ALMENN ÁKVÆÐI SEM EIGA VIÐ SKULDASKJÖL

26. **Upplýsingakvaðir:** Á við
- i. **Upplýsingakvaðir gagnvart umboðsmanni kröfuhafa:** Útgefandi skuldbindur sig til að afhenda umboðsmanni kröfuhafa afrit þeirra skjala sem tilgreind eru í eftirfarandi staflaðum skilmála 3.7.1 (Upplýsingakvaðir gagnvart umboðsmanni kröfuhafa) uns skuld samkvæmt skuldaskjölunum er að fullu greidd: a), b), c) og d).
- ii. **Upplýsingakvaðir gagnvart staðfestingaraðila:** Útgefandi skuldbindur sig til að afhenda staðfestingaraðila þær skýrslur sem tilgreindar eru í eftirfarandi staflaðum skilmála 3.7.2 (Upplýsingakvaðir gagnvart staðfestingaraðila) uns skuld samkvæmt skuldaskjölunum er að fullu greidd: a) (ii) og b).
27. **Almennar kvaðir:** Útgefandi skuldbindur sig til að hlíta þeim kvöðum sem tilgreindar eru í eftirfarandi staflaðum skilmála 3.8

(Almennar kvaðir) uns skuld samkvæmt skuldaskjölunum er að fullu greidd: a), b), c), d), e) og f).

28. Fjárhagslegar kvaðir:

Á við

i. Veðlánþekja:

Á hverjum prófunardegi skal veðlánþekja eins og hún er skilgreind í skilmálunum, þó með þeim undantekningum að kröfur milli útgefanda og raunverulegs eiganda eða félögum tengdum honum, þar sem útgefandi er kröfuhafi, aðrar en viðskiptakröfur sem eru hluti af reglulegri starfsemi útgefanda teljast ekki sem eign í útreikningi á veðlánþekju, skal ekki vera hærri en 50%.

ii. Veðsetningarþekja:

Á hverjum prófunardegi skal veðsetningarþekja eins og hún er skilgreind í skilmálunum, þó með þeim undantekningum að kröfur milli útgefanda og raunverulegs eiganda eða félögum tengdum honum, þar sem útgefandi er kröfuhafi eða skuldari, aðrar en viðskiptakröfur sem eru hluti af reglulegri starfsemi útgefanda teljast ekki sem eign í útreikningi á veðsetningarþekju, ekki vera hærri en 70%.

iii. Eiginfjárlutfall:

Eiginfjárlutfall útgefanda eins og það er skilgreint í skilmálum, þó með þeim undantekningum að kröfur milli útgefanda og raunverulegs eiganda eða félögum tengdum honum, þar sem útgefandi er kröfuhafi eða skuldari, aðrar en viðskiptakröfur sem eru hluti af reglulegri starfsemi útgefanda teljast ekki sem eign í útreikningi á eiginfjárlutfalli, skal ávallt vera að lágmarki 30%.

iv. Prófunardagar:

Prófunardagar fjárhagslegra kvaða eru: 31. desember og 30. júní á hverju ári þar sem fyrsti prófunardagur er 31. desember 2024.

29. Sérstakar kvaðir:

Á við

i. Takmarkanir á ráðstöfun fjármuna útgefanda til hluthafa:

Ákvæði skilmála 3.10 a) (Takmarkanir á ráðstöfun fjármuna útgefanda til hluthafa) gilda um skuldaskjölin.

ii. Takmarkanir á sölu eigna útgefanda:

Ákvæði skilmála 3.10. b) (Takmarkanir á sölu eigna útgefanda) gilda um skuldaskjölin.

30. Vanefndartilvik:

Útgefandi skuldbindur sig til að hlíta þeim vanefndartilvikum sem tilgreind eru í eftirfarandi stafliðum skilmála 3.12 (Vanefndartilvik): a), b), c), d), e), f), g), h), i), j), k), l), m) og n).

31. Gjaldfelling:

Ef ekki er bætt úr vanefnd innan 15 viðskiptadaga ef um greiðsludrátt er að ræða, og innan 30 viðskiptadaga í öðrum tilvikum er kröfuhafa heimilt að óska eftir að umboðsmaður kröfuhafa boði til kröfuhafafundar til að ákveða hvort gjaldfella eigi skuldaskjölin.

32. Umboðsmaður kröfuhafa:

LOCAL lögmenn slhf., kt. 490217-0610, Kringlunni 7, 103 Reykjavík hefur verið skipaður umboðsmaður kröfuhafa vegna skuldaskjalanna.

i. Dagsetning umboðssamnings:

7. nóvember 2024

- 33. Staðfestingaraðili:** *Deloitte ehf., kt. 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi* hefur verið skipaður staðfestingaraðili vegna skuldaskjalanna.
- i. **Dagsetning samnings við staðfestingaraðila:** *11. nóvember 2021*
- 34. Önnur ákvæði:** Á ekki við
- 35. Útreikningsaðili:** *T Plús hf., kt. 531009-1180, Skipagötu 9, 600 Akureyri* er útreikningsaðili skuldaskjalanna
- 36. Ráðgjafi í tengslum við útgáfu:** *Arctica Finance hf., ráðgjafi og umsónaraðili með sölu* skuldabréfanna og skráningu þeirra á Nasdaq Iceland.

ÁBYRGÐ

Útgefandi ber ábyrgð á upplýsingum sem þessir endanlegu skilmálar innihalda.

Undirritað fyrir hönd útgefanda:

Af:

Samkvæmt heimild

Hluti B – Aðrar upplýsingar

1. SKRÁNING

- | | | |
|------|--|--|
| i. | Skráning: | Nasdaq Iceland |
| ii. | Taka til viðskipta: | Sótt verður um að víxlarnir verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. |
| iii. | Aðili sem sækir um töku til viðskipta ef annar en útgefandi: | Arctica Finance hf., LEI kóði 967600F5SHVSJ9H5F594, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík mun óska eftir töku til viðskipta. |
| iv. | Fyrsti mögulegi viðskiptadagur: | Ekki vitað við dagsetningu endanlegra skilmála þessa |

2. LÁNSHÆFISMAT

Á ekki við

3. HAGSMUNIR AÐILA Í TENGLUM VIÐ ÚTGÁFUNA

Að undanskilinni þóknun greiddri til umsjónaraðila og ráðgjafa, er útgefanda ekki kunnugt um að aðilar sem tengjast útgáfu víxlanna eigi hagsmuni sem skipta máli varðandi útgáfu þeirra.

4. RÁÐSTÖFUN SÖLUANDVIRÐIS, ÁÆTLAÐ NETTÓ SÖLUANDVIRÐI OG HEILDAR-KOSTNAÐUR

- | | | |
|------|----------------------------|-----------------------------|
| i. | Ráðstöfun söluandvirðis: | Almenn fjármögnun útgefanda |
| ii. | Áætlað nettó söluandvirði: | 508 m.kr. |
| iii. | Áætlaður heildarkostnaður: | 0,29 m.kr. |

5. ÁVÖXTUNARKRAFA (*Eingöngu skuldabréf á föstum vöxtum*)

Vísbending um ávöxtun: Á ekki við

6. VAXTAÞRÓUN (*Eingöngu skuldaskjöl með breytilegum vöxtum*)

Á ekki við

7. VÍSITÖLUPRÓUN (*Eingöngu verðtryggð skuldaskjöl*)

Á ekki við

8. AUÐKENNI

i. Auðkenni:	UR 25 0301
ii. ISIN númer:	IS0000036663
iii. CFI númer:	DYZUXR
iv. FISN númer:	UTGERDARFELAG R/MMK 20250301

9. TILKYNNING UM VIÐKOMANDI GRUNNLÝSINGU

Land eða lönd þar sem tilkynnt hefur verið um viðkomandi grunnlýsingu: Ísland

10. HÆFI HJÁ SEÐLABANKA EVRÓPU

Skuldaskjal er ætlað að vera haldið á með þeim hætti sem leyfir Eurosystem hæfi (e.Eurosystem eligibility): Nei